



# Fréttabréf Garðasels

## júní 2020



### Sundnámskeið elstu barna

Sundnámskeið verður í Jaðarsbakkalaug fyrir elstu börnin á Vík. Hópnum verður skipt í tvo hópa og sjá Breki og Lára Dóra um kennsluna þessa fjóra daga.

- 11. og 12. júní kl: 9.00 -11.00 og 15. – 16. júní kl: 11. 00 -13.00
- Starfsfólk deildar mun fylgja hópnum og aðstoða í klefum og á bakka. Sundnámskeiðið er hluti af áherslum leikskólans í hreyfingu.



### Hreyfivika



Dagana 2. -5. júní eru hinir árlegu íþróttadagar í Garðaseli og er tímasetning þeirra alla dagana kl: 9.00 -11.30. Viðfangsefni tengjast hreyfingu og fjölbreytt viðfangsefni. Íþróttanefnd skipuleggur viðfangsefni dagana og verður því skipulagi komið til foreldra í tölvupósti og á heimasíðu skólans.

Fræðsla um gildi og mikilvægi hreyfingar barna og tækifærin sem umhverfið býður upp á verður sett upp í forstofum deilda, foreldrum og börnum til hvatningar.

### Útskrift elstu barna

Miðvikudaginn 10. júní kl: 15.15-16.00 verður útskrift elstu barna í sal Grundaskóla. Í ár er fjöldi gesta takmarkaður og miðast við að einungis foreldrar mæti. Barnahópurinn hefur ekki æft formlega dagskrá eins og áður vegna COVID og fjarvista þeirra og verður dagskráin með einfaldara móti þetta árið og minna undirbúin en örugglega jafn ljúf 😊  
Veitingar verða í sal Grundaskóla og taka mið af þeim viðmiðum sem sett eru um mat / veitingar í skólum.



**Sumarlokun er frá 3. júlí kl: 12.00 .**  
**Opnað þriðjudaginn 4. ágúst kl: 12.00**

## Sumarstarf deilda

Eftir hreyfivíkuna tekur við sumarstarfið. Sumarstarfið sem er alla morgna og tímasetning starfsins verður kl: 9.00 -11.30 / 12.00.

Skipulag sumarstarfsins er í höndum hvernar deildar fyrir sig.

Einn hópur verður eftir í leikskólanum og þau börn, sem koma eftir kl: 9.00 og hafa misst af hópnum sínum, fara þá inn í þann hóp sem er heima.

Deildir munu auglýsa vel ef eitthvað sérstakt stendur til þannig að allir geti verið komnir fyrir brottfarartíma ☺



## Aðlögun og tilfærsla á milli deilda næsta skólaár

Aðlögun nýrra nemenda hefst mánudaginn 10. ágúst,  
Tilfærsla barna á milli deilda verður strax eftir opnun.

Starfsmannahald deilda verður upplýst þegar allt er frágengið.

Lón = 17 börn 2018 og 2 börn  
2019 - Ásta deildarstjóri


Holt = 23 börn 2017  
Hafrún deildarstjóri

Vík = 32 börn 20 börn 2015 og 12 börn 2016  
Íris Björg deildarstjóri

## Sumarafleysingar

Valdís Marselía Þórðardóttir og Arnar Már Kárasón eru komin inn í sumarafleysingar. Við bjóðum þau velkomin. Síðan er von á einum starfsmanni úr starfsátaki bæjarins fyrir 18 ára og eldri.

Þá gætu unglingar úr Vinnuskólanum bæst við hópinn sem aðstoðarfólk.



## Tilkynningar um fjarvistir barna

Gott væri að foreldrar létu vita ef börnin eru í fríi dag og dag þannig að ekki sé verið að bíða eftir þeim áður en haldið er af stað í vettvangsferðir eða annað skipulagt starf í júní. Alltaf gott að vita um mætinguna ☺

Gleðilegt  
sumar ☺